

**Nd.**

**289. Frumvarp**

til laga um kaup á hlutabréfum í Útvegsbanka Íslands h/f.

Flm.: Jóhann Þ. Jósefsson, Páll Þorbjörnsson, Magnús Torfason.

**1. gr.**

Ríkisstjórninni heimilast að gefa út rikisskuldabréf fyrir allt að 2 milljón-um króna. Rikisskuldabréf þessi, sem bera 4% ársvexti, eru afborgunarlaus næstu 5 ár, en greiðast því næst með jöfnum afborgunum á 30 árum eftir inn-  
drætti.

Ríkisstjórnin setur nánari reglur um inndráttinn.

**2. gr.**

Skuldabréfum þeim, er um ræðir í 1. gr., skal varið til kaupa á hlutabréf-um í Útvegsbanka Íslands h/f. Þau ein hlutabréf skulu keypt, er sannað verður, að hafi verið gefin út til þeirra manna, er áttu sparisjóðsfé (innlán í bók eða á skirteini) í Íslandsbanka og tekið hafa á móti hlutabréfum sem hluta af þeirri innstæðu. Hlutabréfin skulu keypt við nafnverði.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 30. júní 1935.

## Á s t æ ð u r.

Þegar verið var að reyna að bjarga Íslandsbanka árið 1930, var meðal annars leitað til sparifjáreigenda, þeirra er innstæðu áttu í bankanum, og fengin loforð þeirra um hlutafjárkaup bankanum til stuðnings. Brugðust fjölmargir sparifjáreigendur drengilega við, og munu flestir þeirra, er til var leitað, hafa lofað helmingi innstæðufjár sins til viðreisnar bankanum.

Margir urðu þó þeir, er ekkert lögðu af mörkum, meðal annars vegna þess, að á þeim skamma tíma, er söfnunarnefndin hafði til starfa, náðist alls ekki til allra þeirra, er hlut áttu að máli. Málalok urðu þau, sem kunnugt er, að stofnaður var nýr banki að tilhlutun ríkisvaldsins, Útvegsbanki Íslands h/f, er tók við eignum og skuldum Íslandsbanka.

Þeim hluta sparifjárins, er lofað hafði verið til endurreisnar Íslandsbanka, var svo haldið eftir sem hlutafé í hinum nýja banka, Útvegsbanka Íslands h/f.

Ríkissjóður er aðalhluthafi bankans með  $4\frac{1}{2}$  millj. króna hlutafé. Áhrifa annara innlendra hluthafa en ríkisins hefir frá öndverðu lítið gætt, og er nú svo komið, að þeirra gætir alls ekkert. Þeir hafa í framkvæmdinni engin áhrif á skipun yfirstjórnar bankans eða annað, er máli skiptir.

Nú hefir svo skipazt, að ríkið hefir tekið ábyrgð á innstæðufé bankans, eins og það ábyrgist innstæðufé í þjóðbankanum, og er nú svo komið, að fremur má telja Útvegsbankann ríkisstofnun en einkafyrirtæki.

Um það mætti deila, hvort rétt hafi verið að halda sparifénu inni í Útvegsbankanum sem hlutafé, þar sem því var lofað til viðreisnar Íslandsbanka, en ekki til stofnunar nýs banka, eins og raun varð á, en það verður ekki gert hér frekar að umtalsefni.

Á hitt skal bent, að þeir, sem settu sparifé sitt fast á þennan hátt, í þeim tilgangi að firra þjóðina vandræðum og verja viðskiptabanka sinn falli, hafa orðið fyrir misrétti, samanborið við þá, er engu vildu fórna í þessu skyni og hafa haldið sparifé sínu óskertu og síðan fengið vernd ríkisins á innieign sinni.

Vitanlegt er, að allur fjöldinn af sparifjáreigendum, þeim er fram lögðu fé sitt eins og áður segir, gerðu það af litlum eignum í öndverðu, og þá ekki síður hitt, að efnahagur manna yfirleitt hefir stórum versnað undanfarin kreppuár og bagi manna þeim mun meiri, þeirra er fé sitt eiga í hlutabréfum, sem engum arði svara.

Eftir því, sem næst verður komizt, munu þau hlutabréf, sem hér er um að ræða, nema um 1,8 millj. krónum.

Með frv. er farið fram á, að ríkið yfirtaki umrædda hlutafjáreign sparifjáreigenda á þann hátt, er þar segir. Til þess að gera ríkinu þetta sem auðveldast, er innlausn skuldabréfanna frestað fyrst um sinn nokkur ár og síðan dreift á langt árabíll, svo langt, að það að visu rýrir verðgildi bréfanna, ef þau ganga kaupum og sölum. Hinsvegar yrðu þau veðhæf, trygg og arðberandi eign og aðstaða eigenda þeirra því stórum bætt frá því, sem nú er.

Með ákvæðum frv., ef það næði lögfestingu, er ríkissjóði að visu bundin nokkur byrði, en eins og nú er komið, mælir öll sanngirni með því, að ríkisvaldið, sem er aðaleigandi bankans, ábyrgist skuldbindingar hans að verulegu leyti og hefir óskoruð yfirráð hans, geri nú, þótt seint sé, þær ráðstafanir, sem hér er farið fram á, eða aðrar svipaðar, til þess að leiðrétta þá misbrest, er urðu að þessu leyti við stöðvun Íslandsbanka á aðbúnaði ríkisvaldsins við fjölda af sparifjáreigendum í landinu.